

Um loptslag á Íslandi í fornöld.

Grein með þessari yfirskrift stöð í Morgunblaðinu fyrir 15. júlí þ. á. og var þar bent á, að Markarfljót mundi í fornöld hafa verið minna vatn en nú, Þverá og Alfaló ekki til, Landeyjarnar minni, í Egilssögu 23. kafli er merkileg frásögn sem styður mjög þetta mál mitt. Þar segir frá landnámi Ketils Flængs, göfugs manns og ágæts. Segir, að er þeir héldu vestar með landi, þá varð fyrir þeim áróss mikill ok héldu þeir þar skipunum upp í ana ok lögðu við it vestra land. Sú áheitir nú Rangá; fell þá miklu þröngra og var djúpari en nú er.

Þegar menn lita á uppdrátt Íslands, geta þeir séð, hvað þessi frásögn er merkileg, og hversu geismiklar breytingar hafa orðið á vötnum, eigi einungis síðan um 880, þegar Hængur kom til Íslands, heldur einnig síðan á fyrri hluta þrettánda aldar; því að þá er Egilssagarritið. Hefir dr. Björn Ólsen prófessor talið til þess mörg tæk, — og mætti þó fleiri telja — að Snorri Sturluson hafi ritað Egilssögu. Var

honum vel kunnugt um þessa stöðir, þar sem hann var uppallinn í Odda. Verður ekki annað ræðið af orðum sögunnar en að einnig á dögum söguritarans hafi ytri Rangá fandið alla leið til sjávar. Þykir mér ekki ólíklegt, að eystri Rangá hafi þá fallið í Rangá vestri, og orðið af því oddinn, sem bærlan dregur nafn af.

Ytri Rangá fellur nú í Þverá eins og kunnugt er, og eystri Rangá einnig, langa leið frá sjó.

Fleira er því til vitnis en sagan, að Rangá hafi áður náð til sjávar. Rangársandur heitir nú með sjónum, þar sem Rangá er hvergi nálegt. Þeir Flængur hafa nefnt sandinn við árósinum þar sem þeir komu fyrst, eftir ánni, og nafnið haldist, þó að þessar miklu breytingar yrðu, og ein, sem nafnið var teitt af, íjarlægðist.

Að breytingar þessar stafa af því að Markarfljót varð svo mikið að hinn fyrri farvegur nægði því ekki, svo að þar varð Alfaló og Þverá, virðist augljóst. En það sem árvóxtinn gerði, var að loptslag spiltist, svo að jöklar ukust til muna.

23. sept.

Helgi Péturs.

Arbl. 26 sept. 1915.